

Fundargerð 463

Föstudaginn 24. ágúst 2018 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7, Reykjavík. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) formaður, Einar E. Einarsson (EEE), Gunnar Þór Sigurbjörnsson (GPS), Gunnar Þorgeirsson (GP), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÐ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hinrik Gunnarsson (HG) löggiltur endurskoðandi (við dagskrárliði 1-2), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar, (við dagskrárlið 5), Pétur Bjarnason (PB) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 5 og 6), Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:15 og lagði fram eftirfarandi dagskrá sem lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Árshlutareikningur janúar - júní 2018 - til afgreiðslu
3. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu
4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 - til kynningar
5. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar
6. AVS aukið virði sjávarfangs - til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá fundargerð fundar nr. 462. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Árshlutareikningur janúar-júní 2018 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá árshlutareikningur stofnunarinnar vegna tímabilsins janúar - júní 2018, skýrsla endurskoðanda og ýmsar sundurliðanir úr rekstri stofnunarinnar.

HG fór í gegnum uppgjórið. Hagnaður tímabilsins nam 62,7 m.kr. Í lok júní námu eignir 14,9 milljörðum kr., skuldir voru 11,8 milljarðar kr. og eigið fé 3,1 milljarður kr. Eiginfjárhlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 21,73%

EEE sagði frá fundi endurskoðunarnefndar með HG fyrr í vikunni. Engar athugasemdir komu fram á þeim fundi. Fundargerð var ekki tilbúin fyrir fund stjórnar en verður send síðar.

HG, MH og AÐ svöruðu spurningum um uppgjórið. Eftir umræður um uppgjórið bar formaður árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2018 upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða og dreift til undirritunar.

Formaður þakkaði fyrir hönd stjórnar og starfsmanna HG fyrir hans starf sem endurskoðandi stofnunarinnar en Ríkisendurskoðun stefnir á að bjóða endurskoðun á Byggðastofnun út á haustmánuðum.

HG vék af fundi.

3. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lágu fundargerðir lánanefndar nr. 22/18, 23/18, 24/18, 25/18, 26/18 og 27/18.

Einnig lágu fyrir fundinum greinargerðir þeirra fjögurra mála sem lánanefnd vísaði til stjórnar og fór AME yfir þau mál.

...

...

...

Stjórn óskaði eftir að fá yfirlit yfir eignarhaldsfélög sem stofnunin hefur átt hlut í, hvað þau hafa gert og hvernig þau starfa.

...

KB spurði um tilboð sem borist hafa í eignir og hvort hægt sé að skjóta synjun til stjórnar. Há upplýsti að tilboðsgjöfum væri gerð grein fyrir því að svo væri.

4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 - til kynningar

Fyrir fundinum lá uppfært skjal yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar stofnunarinnar 31. júlí sl.

AÐ fór yfir stöðu verkefna og rekstrar. Formaður upplýsti að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefði óskað eftir tillögum um hvernig hægt væri að leysa vanda loðdýrabænda og sagði frá minnisblaði sem starfsfólk Byggðastofnunar hefði unnið.

AÐ sagði frá byggðaráðstefnu sem haldin verður í Stykkishólmi 16.-17. október nk. Hugsanlega verður stjórnarfundur fluttur fram frá áður ákveðinni dagsetningu.

KB spurði út í kynningar á hlutum eins og gagnagrunni og sagði frá kynningu Kópavogsbæjar á svokallaðri vísitölu félagslegra framfara. Áhugavert væri að athuga hvort hægt sé að nýta þeirra lausn og fá kynningu hjá þeim.

5. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs - til kynningar

HP og PB komu á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir fundinum lá áhættuskýrsla Byggðastofnunar fyrir 2. ársfjórðung.

HP kynnti skýrsluna og svaraði spurningum stjórnarmanna. Rætt var um stöðu ferðaþjónustunnar og hvort ástæða væri til að hækka framlag í afskriftarreikning vegna

hennar. AME svaraði því til að farið væri reglulega yfir framlögin og fylgst vel með þróuninni en einnig væri tekið tillit til trygginga fyrir lánunum.

GPS óskaði eftir að athugað væri hvort ekki væri hægt að stilla fundargáttina betur með tilliti til öryggis og beindi stjórn því til starfsmanna að kanna það.

6. AVS aukið virði sjávarfangs - til kynningar

PB kynnti fyrir stjórn sjóðinn AVS - aukið virði sjávarfangs sem vistaður er hjá Byggðastofnun og svaraði spurningum stjórnarmanna.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður á Vopnafirði 21. september nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:55

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____